

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-96/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 19. nóvember. Með bréfi, dags. 28. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 12. desember. Með bréfi, dags. 17. desember, gaf kæruneftndin seljanda kost á að koma að frekari andsvörum og frest til þess til 2. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 1. mars 2010 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.750.000. Var bifreiðin af gerðinni Cadillac, árgerð 2004. Við kaupin segist álitsbeiðandi hafa fengið grunnupplýsingar um bifreiðina í Ökutækjaskrá, og var þar ekkert óeðlilegt að finna við feril hennar. Fljótlega eftir kaupin segist álitsbeiðandi hafa orðið var við rafmagnstruflanir í bæði ljósabúnaði og öðru sem tengdist rafkerfi bifreiðarinnar. Segist álitsbeiðandi hafa kvartað undan þessu við seljanda og samþykkti seljandi að kosta viðgerð á rafkerfinu. Sú viðgerð mun þó aðeins hafa dugað í nokkrar vikur. Í byrjun árs 2013 segist álitsbeiðandi hafa ákveðið að selja bifreiðina og setja hana upp í bifreið sem var í eigu Z. Þegar Z hafi skoðað feril xx-000 hafi hins vegar komið í ljós að bifreiðin væri tjónabifreið frá Bandaríkjunum og engar líkur á að hægt yrði að selja hana miðað við þann feril sem hún átti að baki. Segist álitsbeiðandi hafa fengið afrit af skráningarferli bifreiðarinnar í Bandaríkjunum. Þar komi fram að bifreiðin hafi lent í tjóni hinn 12. ágúst 2005, þá ekin aðeins 6.100 mílur. Eins komi fram að tjónið á bifreiðinni hafi verið metið 75%, bifreiðin tekin úr umferð, skráð í brotajárn og fáið ekki aftur skráð í Bandaríkjunum. Segir álitsbeiðandi að í skráningunni komi ekkert fram um það hvað hafi komið fyrir bifreiðina, en í ljósi þess að rafkerfi bifreiðarinnar sé lélegt telur álitsbeiðandi að leiða megi líkur að því að bifreiðin hafi orðið fyrir flóðatjóni. Segir álitsbeiðandi að þegar ferill bifreiðarinnar sé skoðaður í Ökutækjaskrá hérlendis megi sjá að hún sé fyrst skráð hinn 24. mars 2006 og þá flutt inn af fyrirtæki sem heiti A. Mánuði síðar, eða hinn 19. maí 2006 hafi seljandi síðan eignast bifreiðina. Segist álitsbeiðandi hafa kannað hvort hægt sé að skrá bifreið á Íslandi sem lent hafi í 75% tjóni í öðru ríki og segir hann að þeir aðilar sem hann hafi rætt við telji það með ólíkindum að hvergi hafi komið fram, hvorki á tollapappírnum né skráningarskírteini að bifreiðin sé brotajárnsbifreið. Telur álitsbeiðandi því að um svik hafi verið að ræða við skráningu bifreiðarinnar.

Segir álitsbeiðandi að strax og honum varð ljóst að bifreiðin hefði verið afskráð með framangreindum hætti í Bandaríkjunum hafi hann sett sig í samband við seljanda og látið

hann hafa öll gögn um málið, tollaskýrslur bifreiðarinnar, ferilskrá í Bandaríkjunum og ferilskrá bifreiðarinnar eftir að hún var skráð hérlendis. Þá segist álitsbeiðandi hafa tjáð seljanda að hann færi fram á að kaupunum yrði rift. Þeirri kröfu hafi seljandi hins vegar hafnað.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af ferilskrá bifreiðarinnar í Bandaríkjunum, afrit úr Ökutækjaskrá og afrit af upplýsingum um þann aðila er flutti bifreiðina inn upphaflega.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi hafi eignast bifreiðina xx-000 samkvæmt kaupsamning dags. 19. maí 2006 við A, vegna fjármögnunar bifreiðarinnar fyrir þriðja aðila. Umsamið kaupverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 5.790.000. Engar athugasemdir hafi verið skráðar í Ökutækjaskrá Samgöngustofu um að bifreiðin væri innflutt sem tjónabifreið og sé sú skráning óbreytt í dag. Tekur seljandi fram að hann hefði, á grundvelli eigin lánareglna, aldrei fjármagnað kaup á umræddri bifreið ef fyrir hefðu legið upplýsingar um að hún væri tjónabifreið, óháð því hvort það tjón hefði orðið hérlendis eða erlendis. Næst rekur seljandi að hinn 25. ágúst 2009 hafi þáverandi leigutaki og umráðamaður bifreiðarinnar skilað henni og hafi hún í framhaldi af því verið verðmetin af B, samkvæmt skýrslu dags. 18. nóvember 2009. Engar athugasemdir hafi komið fram við ástands- og verðmatið, sem gáfu tilefni til að ætla annað en að bifreiðin væri í eðlilegu ástandi miðað við aldur, umráð og notkun. Hinn 1. mars 2010 var bifreiðin síðan seld álitsbeiðanda og fóru kaupin fram á bifreiðasölunni C. Umsamið kaupverð nam kr. 2.750.000. Einu athugasemdirnar sem gerðar voru við bifreiðina í afsali voru þær að bifreiðin væri innflutt notuð og að kaupandi gerði sér grein fyrir að rafmagn í sóltoppi virkaði ekki sem skyldi. Í byrjun árs 2013 hafði álitsbeiðandi síðan samband við seljanda og óskaði eftir því að kaupunum á bifreiðinni yrði rift. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi rökstutt kröfu sína með vísan til erlendrar samantektar af sögu bifreiðarinnar í Bandaríkjunum. Í skýrslunni sé að finna opinberar skráningar sem tengist bifreiðinni án þess þó að þar sé að finna eiginlega ástands- eða skoðunarskýrslu sambærilega svokölluðum „skoðunarferli“ í Ökutækjaskrá Samgöngustofu. Í skýrslunni komi fram að bifreiðin sé með „Accident/Damage...Severe Damage“ án þess þó að það sé skýrt nánar hvers eðlis tjónið sé, sem leiddi til þess að bifreiðin var afskráð.

Seljandi segir að samkvæmt upplýsingum frá þeim aðila er flutti bifreiðina inn, þá hafi sá aðili keypt bifreiðina af bandarísku fyrirtæki sem m.a. selji bifreiðar sem tryggingafélög hafi leyst til sín af ýmsum ástæðum. xx-000 hafi lent í foktjóni nánast ný og eina tjónið sem bifreiðin hafi orðið fyrir var að sóllúga hennar brotnaði en gert hafi verið við það tjón áður en bifreiðin var flutt inn. Mun bifreiðin hafa verið afskráð í Bandaríkjunum hinn 12. september, en flutt til Hollands hinn 2. september. 2006.

Rekur seljandi að álitsbeiðandi hafi frá upphafi krafist þess að kaupin gengju til baka og að seljandi endurgreiddi honum að fullu upphaflegt kaupverð bifreiðarinnar, þremur árum eftir að kaupin fóru fram. Þessa kröfu hafi álitsbeiðandi ekki rökstutt, aðeins vísað til erlendrar skýrslu um bifreiðina sem gefi engar upplýsingar um það hvers eðlis sá atburður var sem leiddi til afskráningar bifreiðarinnar í Bandaríkjunum, í hverju tjónið var fólgið eða af hvers frumkvæði sú afskráning átti sér stað. Þá haldi álitsbeiðandi því fram að bifreiðin hafi flætt án þess að leggja neitt fram þeirri fullyrðingu til sönnunar. Rekur seljandi að engar verkfræðilegar úttektir liggi fyrir um ástand bifreiðarinnar, né hvort að afskráning í Bandaríkjunum muni hafa áhrif á endursöluverð bifreiðarinnar hér á landi. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi ekið bifreiðinni eðlilega frá því kaup fóru fram og því verði ekki séð að hinn meinti galli hafi haft áhrif á notkun bifreiðarinnar. Eins bendir seljandi á að bifreiðin sé alls ekki í sama ástandi og hún var þegar hún var seld fyrir rúmum þremur árum. Að lokum rekur seljandi að hann hafi verið grandalaus um hina erlendu skráningu á bifreiðinni. Þá hafi

seljandi ekki leynt álitsbeiðanda neinum upplýsingum við söluna, hvorki af ásetningi né gáleysi, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Telur seljandi að allar kröfur seljanda séu fyrndar á grundvelli þeirra laga.

Meðfylgjandi andsvörum seljanda var afrit af ástandsskoðun og verðmati bifreiðarinnar, dags. 18. nóvember 2009, afrit af upphaflegum kaupsamningi um bifreiðina, dags. 19. maí 2006, afrit af tölvupósti frá starfsmanni seljanda, dags. 18. mars 2013 og afrit af skráningu bifreiðarinnar í Ökutækjaskrá Samgöngustofu, dags. 13. nóvember 2013.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að ítrekun álitsbeiðanda á því að í Ökutækjaskrá Samgöngustofu sé ekki að finna neitt sem gefi til kynna að bifreiðin hafi lent í tjóni, en það séu þær upplýsingar sem kaupendur kynni sér þegar fest séu kaup á bifreiðum. Starfsmenn seljanda hafi talið að seljandi bæri enga ábyrgð á sölunni eða því að seljandi hefði valdið sér tjóni. Álitsbeiðandi segir að hin erlenda ferilskrá sem hann hafi aflað sé skv. hans upplýsingum mjög sambærileg ferilskrá Samgöngustofu. Í hinni bandarísku ferilskrá komi fram að bifreiðin hafi verið afskráð 6 mánaða gömul, ekin 6.000 mílur. Í afskráningunni komi fram að hún hafi hlotið yfir 75% tjón, hún sé merkt í Bandaríkjunum í brotajárn og fáist aldrei skráð þar aftur. Bifreið með 75% tjóni eigi ekki að geta fengist skráð hér á landi. Eingöngu megi flytja slíkar bifreiðar inn til niðurrifs. Segir álitsbeiðandi að það að selja slíka bifreið hljóti að vera svik og því riftanlegt. Þá telur álitsbeiðandi að fullyrðingar innflutningsaðila bifreiðarinnar um að bifreiðin hafi verið með foktjóni þar sem topplúga hennar hafi brotnað, séu með ólíkindum. Telur álitsbeiðandi að það hljóti að teljast afar sérkennilegt að bifreið af þessari gerð, nánast ný og óekin, hafi verið keypt af bandarísku tryggingafélagi með 75% altjón, sett í niðurrifs- eða brotajárnsflokk og afskráð með öllu vegna brotinnar topplúgu.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en bifreiðin var seld fyrir milligöngu bifreiðasala.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 1. mars 2010 fyrir kr. 2.750. Bifreiðin er árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar hér á landi 24. mars 2006. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvenær bifreiðin var fyrst skráð í Bandaríkjunum. Bifreiðin var því um 5 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 56.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Álitsbeiðandi mun fyrst hafa kvartað undan þeim galla á bifreiðinni sem hér er deilt um við seljanda í byrjun árs 2013. Þ.e. að bifreiðin hafi verið flutt inn sem tjónabifreið, en ekki skráð sem slík. Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Í 1. mgr. 27. gr. segir að ef söluhlutur er gallaður beri neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera fyrir sig gallann án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð gallans var, eða mátti verða hans var. Verður ekki annað séð en að álitsbeiðandi hafi gert það í skilningi 1. mgr. 27. gr. Í 2. mgr. 27. gr. segir síðan m.a.:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“

Að mati kærunefndarinnar verður að miða við að 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. eigi við um bifreið álitshliðanda, þ.e. að henni hafi verið ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti og að álitshliðandi hafi því fimm ár til að bera fyrir sig galla frá því að hann veitti bifreiðinni viðtöku. Er kvörtun álitshliðanda því komin fram í tæka tíð.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 1. mars 2010, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitshliðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitshliðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitshliðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr.

Af álitshliðni verður ráðið að álitshliðandi hafi borið því við að seljandi hafi vanrækt

að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu í tengslum við bifreiðina í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr., þ.e. seljanda hafi borið, við kaupin, að gefa álitsbeiðanda upplýsingar um að hin umþrætta bifreið væri tjónabifreið. Að mati kærunefndarinnar er ekki hægt að fallast á slíkt nema ef seljandi hefði vitað eða hlotið að vita, að bifreiðin væri tjónabifreið. Þær upplýsingar hafði seljandi ekki aðgang að, svo sem rakið er í andvörum hans og gat hann því ekki vitað að bifreiðin væri tjónabifreið. Þá telur kærunefndin ekki að gera megi þá kröfu til seljenda bifreiða almennt, að þeir hafi aðgang að erlendum skráningarupplýsingum um þær bifreiðar sem þeir selja. Getur kærunefndin því ekki fallist á að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Svo sem rakið er að framan hefur álitsbeiðandi lagt fyrir kærunefndina gagn þar sem fram kemur að bifreiðin xx-000 var skráð sem tjónabifreið í Bandaríkjunum. Samkvæmt sama gagni kemur fram að bifreiðin hafi verið afskráð þarlendis hinn 12. ágúst 2005, þá ekin aðeins 6.100 mílur og að bifreiðin hafi verið skráð með „Junk title“. Samkvæmt skilgreiningu í sama gagni þýðir „Junk title“ að bifreiðin sé þannig farin að það kosti meira en 75% af matsverði hennar fyrir tjón að gera við hana. Þá kemur einnig fram í skilgreiningunni að það sé misjafnt eftir ríkjum Bandaríkjanna hve mikið tjón leiði til slíkrar skráningar. Telur kærunefndin einnig rétt að taka fram að afar ólíklegt er að upplýsingar um að bifreiðin væri tjónabifreið hefðu komið fram við söluskoðun á bifreiðinni.

Þó ekki liggi fyrir nákvæmlega hvað olli því að bifreiðin fékk slíka skráningu í Bandaríkjunum getur kærunefndin þó fallist á að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. verið í verra ástandi en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur gert þá kröfu að kaupunum verði rift skv. 32. gr. laganna.

Svo sem rakið er að framan var bifreiðin sem um er deilt skráð tjónabifreið í Bandaríkjunum. Var bifreiðin síðan flutt inn af fyrri eiganda og seld hér á landi hinn 19. maí 2006 án þess að þær upplýsingar kæmu fram eða væru skráðar í héraðs skrá. Ekkert liggur fyrir um hvað olli því að bifreiðin fékk umrædda skráningu í Bandaríkjunum. Þá liggur ekkert fyrir um ástand bifreiðarinnar annað en að hún fékk skoðun hinn 21. ágúst 2012 auk þess sem álitsbeiðandi hefur kvartað undan því að rafkerfi hennar virki ekki sem skyldi. Að öðru leyti hefur álitsbeiðandi ekki lagt fram gögn sem benda til þess að ástand bifreiðarinnar sé með nokkrum hætti verra en gengur og gerist um sambærilegar bifreiðar. Hins vegar dregur kærunefndin það ekki í efa að bifreiðin mun reynast erfiðari í endursölu vegna framangreindrar tjónaskráningar. Er það því mat kærunefndarinnar að í máli þessu sé rétt að seljandi veiti álitsbeiðanda afslátt af bifreiðinni, en kærunefndin telur ekki, eins og mál þetta er vaxið, að sá galli sem er á bifreiðinni sé það verulegur að hann leiði til þess að heimilt sé að rifta kaupunum, en í 32. gr. laganna segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupunum nema galli sé óverulegur. Þetta þýðir einfaldlega það að gallar verða að vera verulegir til að riftun geti náð fram að ganga. Um afslátt fer skv. ákvæðum 26. gr. og 31. gr. laganna. Sá afsláttur þykir hæfilega metinn kr. 600.000.

VII
Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 600.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir